

Reykjalundur endurhæfing ehf

23. fundur stjórnar 23. ágúst 2022 kl. 08.15-10.00 í Grímansfelli

Boðaðir eru; Anna Stefánsdóttir, Gunnar Ármannsson, Haraldur Sverrisson, Arna Harðardóttir, varamaður og Pétur Magnússon, forstjóri. Fundarritari er Helgi Kristjánsson.

Gestir; Agnar Páll Ingvarsson og Henry Örn Magnússon frá Endurskoðun og ráðgjöf

Dagskrá.

1. Fundargerð 22. fundar til samþykktar og undirritunar.

Samþykkt og undirrituð.

2. Ársreikningur rekstrarársins 2021. Kynning API og HÖM.

Drög að ársreikningi ársins 2021 kynnt. Umræður.

3. Helstu mál í starfseminni, m.a. samningurinn við SÍ.

- Lokun starfsendurhæfingarsviðs var mótmælt í bréfi sem PM sendi Heilbrigðisráðuneyti í ágúst. Samræður við VIRK um samstarf eru í burðarliðnum.
- Covid-19, grímuskylda var sett á s.l. mánudag í kjölfar margra smita á meðal starfsmanna og sjúklinga í síðustu viku og um s.l. helgi.
- Endurskoðun skipurits. Þrjár breytingar voru samþykktar; 1. Saumastofa hefur verið lögð niður, 2. Hlein er orðin sjálfstæð stofnun aðskilin Reykjalundi endurhæfingu ehf., 3. Miðgarður er nú eitt af meðferðarteymum Reykjalundar endurhæfingar ehf. og tilheyrir meðferðarsviði 2

4. Siðareglur.

Umræðum frestað.

5. Aðalfundur RLE.

Verður haldinn 27. september 2022 kl. 15.00.

6. Önnur mál

- a. Stefna Reykjalundar endurhæfingar ehf. verður endurskoðuð á árinu 2023.
- b. Næsti fundur stjórnar verður haldinn 27. september kl. 8:15.